

ÞJÓÐBRÓKARBÓT

September 1993

Þjóðfræði hefur verið kennd í Félagsvísindadeild á annan áratug. Til að byrja með voru kennd einstök námskeið innan mannfæðiskorar. Í ársbyrjun 1985 var þjóðfræðin gerð að aukagrein, en 13. ágúst á því herrans ári 1990 var þjóðfræði skipaður sess á meðal aðalgreina í deildinni. Félagi þjóðfræðinema var komið á fót árið 1988. Helstu markmið félagsins eru að efla veg þjóðfræðinnar innan og utan Háskólans, auka starfsmöguleika nemenda, hefja félagsstarf stúdenta í æðra veldi og endurvekja þjóðlegar skemmtanir.

Félaginu var valið nafnið Þjóðbrók. Sú (uppruna)sögn hefur gengið fjöllum herra á síðustu misserum, að kvenskörungurinn Svava Jakobsdóttir hafi átt hugmyndina að heitinu. Þrátt fyrir tilraunir í þá veru, hefur þetta ekki fengist staðfest hjá þeim sem málið varðar. Nafnið er sótt í sagnabrunn þjóðarinnar og söguna af Þjóðbrók er að finna í safni Jóns Árnasonar:

Skessan Þjóðbrók átti bústað í því gili er við hana er kennt síðan og kallað Þjóðbrókargili, það er vestanvert í Selárdal. Ekki eru neinar sagnir til um hana nema þessi frásaga er á eftir kemur.

Gissur hét húskarl á Stað er Þjóðbrók vildi fá til sín er hann var í fjárleit, en hann gaf engan kost á því nema því aðeins að hún útvegaði sér fimmtán ára gamlan hókarl, en hann gaf henni mánaðarfrest. Síðan fór hann til hennar og var hjá henni mánaðartíma; þótti henni hann of smávaxinn til að eiga svo stórfengilega konu sem hún var og togaði hann því mjög svo hann varð miklu hærri en áður. Síðan bjóst Þjóðbrók að heiman og til þess að útvega hókarlinn. En er hún var burt farin strauk Gissur frá hóbúlum hennar og hélt heim til sín yfir skamman fjallveg. En er hann var kominn á svonefnda "Teigabrún" fyrir ofan Staðarbæ só hann hvar Þjóðbrók fór á eftir honum með hókarlskippu og æpti að honum: "Hókarlinn, Gissur, hókarlinn, Gissur, fimmtán ára gamall." En hann rann undan sem fætur toguðu uns hann náði til kirkju á Stað; braut hann upp kirkjuhurðina og tók í klukkustrenginn og hringdi. Barg það honum, því jafnan varð tröllunum svo hverft við klukknahljóðið. Skessa hvarf burt í það skipti, en jafnan sat hún um Gissur eftir það og leitaðist við að fá hefnt sín á honum og það vissu heimamenn; voru því hafðar gætur á honum og hann aldrei lóttinn einn vera. En einu sinni var hann að fjósaverkum og var þá enginn heimamanna hjá honum. Kom þangað Þjóðbrók, réðist á Gissur og rotaði hann loks á flórhellunni. Þjóðbrók á að hafa dagað uppi í Þjóðbrókargili.

Félagsstarfið

Þjóðbrók stendur fyrir allskyns þjóðlegri dægradvöl í skammdeginu. Hæst ber vitaskuld árvisst þorablót, en þess utan eru rannsóknarferðir innan lands og utan, fyrirlestrar, kvöldvökur og óbreyttar gleðskaparsamkomum, auk þess sem árlega er gefið út tímarit á vegum félagsins. Svo fáein dæmi séu nefnd...

Síðastliðinn vetur hófst starfsemin með vísindaferð austur fyrir fjall, þar sem nemendur heimsóttu Strandarkirkju í Selvogi, Sjóminjasafnið á Eyrarbakka og Byggðasafnið á Selfossi. Að kveldi dags var sumblað Þjóðbrók til heilla og allt fram yfir miðjan morgunn.

Eitt ágætt nóvemberkvöld buðu Þjóðbrók og Þjóðfræðafélagið til fundar í Stúdentakjallaranum. Þar flutti Hjalti Hugason, dósent í guðfræði, erindi um tengsl veraldlegrar og trúarlegrar menningar og að því loknu urðu uppbyggilegar umræður um þetta efni.

Á vetrarsólstöðum, 21. desember, var Eddukvæðið Skírnismál leikið á vegum Þjóðbrókar. Listviðburður þessi átti sér stað í garði Hressingarskálans, í samstarfi við Ásatrúarmenn, sem þar blótuðu hækkandi sól. Tilfnið var fræðileg umræða sem spunnist hafði í kringum kenningar dr. Terence A. Gunnell, sem þjóðfræðinemum er af góðu kunnur undir nafninu Terry. Inntak kenninganna er á þá leið, að einhver eddukvæðanna séu ætluð til leikflutnings og hafi verið sviðsett til forna. Það er óhætt að fullyrða, að þær hafi staðist þessa prófraun í „lifandi tilraunastofu“ Hressó, með ágætiseinkunn. Auk þess má minnst á, að uppákoman vakti geysilega athygli, þ.á.m. fjölmiðla, hvort tveggja á þjóðfræðinni og Terry.

Í janúarmánuði þessa árs bauð Ögmundur Helgason Þjóðbrókarlimum í skoðunarferð um króka og kima handritadeildar Landsbókasafns, sem hann stýrir. Ögmundur er fróðleiksnáma mikil og sögumaður góður og var ferðin hin skemmtilegasta í alla staði. Deildarstjórinn bauð þjóðfræðinema velkomna, hér eftir sem hingað til, að grúska í handritasafninu þegar þá lystir.

Í febrúarlök komu stúdentar saman til þess þarfaverks að blóta þorra ærlega. Sú skemmtan var öll svo þjóðleg og vel lukkuð, að langt mætti leita að annarri eins. Þar voru etnar kræsingar að hundfornum síð og stiginn vikivaki með gáskafullri spekt. Háa-Þóra (Terry), vikivakaskrímsl sem menn héldu útdautt fyrir árhundruðum, álpaðist inn í gleðistofuna og skaut gestum skelk í bringu. Kvæðamenn sungu fyrir fótaburðinum og frumfluttu m.a. tvö spáný „þjóðlög“ og Gísli Sigurðsson kvað rímur svo blautlegar, að konum og öðrum viðkvæmum sálum varð ómótt.

Kynningarstarf, formlegt og óformlegt, var með kraftmesta móti gjörvallt námsárið. Veigamesti hlekkurinn var þáttaka Þjóðbrókar í opnu húsi í Háskólanum í marsmánuði. Í henni fólst m.a. endurflutningur á síðari hluta Skírnismála, sem mikla athygli vakti. Eins og blaðamaður Morgunblaðsins komst að orði, var ekki „...einungis um þurrar kynningar og staðreyndir að ræða, heldur var framsetning í sumum deildum þannig, að til mikillar fyrirmyndar var.“ Pistli hans fylgdi mynd úr leikþættinum og umfjöllun (einungis) um þátt þjóðfræðinnar í opna húsinu.

Á næstu dögum er væntanlegt ársrit Þjóðfræðinema, Lesbrók. Ritstjórar að þessu sinni eru þeir Marteinn helgi Sigurðsson og Áki guð(ni) Karlsson. Þeir hafa fært ritið í nýjan og mynduglegri búning og á meðal þess sem þar gefur að líta, verða fræðigreinar eftir Gísli Sigurðsson, Árna Björnsson og tónverk eftir Finn Daniélsson - þau sem flutt voru á Þorrablótinu.

Loks fór mikil og góð undirbúningsvinna fram, innan vébanda Þjóðbrókar, í tengslum við stofnun nemendafyrirtækis við Háskóla Íslands. Nánar skal vikið að þessu síðar í blaðlinum.

AÐALFUNDARBOÐ

Aðalfundur Þjóðbrókar verður haldinn á fullu tungli, fimmtudaginn 30. september. Fundurinn hefst klukkan 17.15 stundvíslega og er jafnframt kynningarfundur fyrir þjóðfræðinema á nemendafyrirtækinu Hástoð. Boðið verður upp á léttar veitingar og ýmislega skemmtan. Fundarstaður verður nánar auglýstur síðar.

Fráfarandi stjórn félagsins, sem að fundinum stendur, er skipuð eftirtöldum nemendum: Valdimar Tr. Hafstein, Jóni Jónssyni, Marteini Helga Sigurðssyni og Rínu Knútsdóttur Tetzschner. Á fundinum verður stikið á starfi síðastliðins veturs og gerð grein fyrir fjárhag félagsins. Þar fer fram kjör í stjórn Þjóðbrókar og hin ýmsu embætti svo sem hér segir:

Stjórn Þjóðbrókar:

Formaður
Gjaldkeri
Ritari
Varamaður

Önnur embætti:

2x Námsnefndarfulltrúi
Deildarfulltrúi
2-3x Ritstjórar Lesbrókar

Hér með óskar stjórn Þjóðbrókar eftir framboðum í þessi embætti og biður þig, nemandi góður, að gaumgæfa hvort þú sért ekki einmitt verðugur einhverra ofantalinna virðingarsessa. Sérstaklega biðlum við til nýnema, ekki síst kvenna, að gefa kost á sér.

Skoðunarferð um Árbæjarsafn

Við viljum minna á ferð þjóðfræðinema á Árbæjarsafn, sem fyrirhuguð er miðvikudaginn 22. þessa mánuðar. Ætlunin er að nemendur hittist á safnsvæðinu klukkan kortér fyrir eitt, 12:45. Þar munum við njóta leiðsagnar Aðalbjargar safnkennara um ranghala safnsins.

Hástoð - fyrirtæki nemenda við Háskóla Íslands

Þrettánda september síðastliðinn var stofnsett fyrirtæki nemenda við Háskólann - Hástoð. Þjóðfræðinemar eiga tvo fulltrúa af sjö í framkvæmdastjórn þess, Daníel Frey Jónsson markaðsstjóra og Jón Jónsson varamann í stjórn.

Þjóðbrók og einstakir þjóðfræðinemar hafa komið allnokkuð við sögu í undirbúningi og skipulagningu Hástoðar. Forsaga málsins er sú, að á vormisseri sem leið kom upp sú hugmynd í stjórn Þjóðbrókar, að þjóðfræðinemar kæmu á fót eigin fyrirtæki, sem byði í verkefni á fræðilegu sviði þeirra hjá fyrirtækjum, sveitastjórnnum og ferðamálaráðum um land allt. Þegar staðfestar fregnir bárust af undirbúningi Hástoðar, var fallist á að ganga til liðs við hana og vinna hugmyndum okkar frekara brautargengi á þeim vettvangi. Á samráðsfundi Stúdentaráðs og formanna deildarféлага var þess óskað, að þjóðfræðin legði til mann í undirbúningsnefnd. Stjórn Þjóðbrókar sá sér ekki fært að taka fullan þátt í þessu starfi, en fékk Daníel Frey Jónssyni það vandasama verkefni, að vera fulltrúi þjóðfræðiskorar í nefndinni. Daníel vann þar mikið og óeigingjarnt starf og kom hugmyndum þjóðfræðinema vel og vandlega á framfæri.

Hástoð er þannig uppbyggð, að sérhver deild/skor við Háskólann getur komið á laggirnar „stoð“, sem fer með mál hennar í Hástoð. Í því er m.a. fólgin markaðssókn, stjórnun og leiðsaga í verkefnavinnu nemenda og gæðaeftirlit. Stoðirnar eru undir sameiginlegri yfirstjórn Hástoðar, en á hennar könnu er einkum heildarkynning nemendafyrirtækisins, fjármálastjórn, almenn gæðastjórnun, alþjóðatengsl og samningsgerð. Öll verkefni lúta yfirstjórn Hástoðar. Þeir, sem setið hafa í stjórn stoðanna, verða einir gjaldgengir í yfirstjórn Hástoðar, sem mun ráða í stjórn hversrar stoðar. Fyrsta stjórn þjóðfræðistoaðar hefur þegar verið skipuð. Formaður stoðar er Jón Jónsson, Valdimar Tr. Hafstein er markaðsfulltrúi og verkstjóri er Áki Guðni Karlsson. Ákveðið hefur verið, að skipa auk þessara einn varamann úr hópi nýnema og er sú staða ófyllt enn sem komið er.

Ávinningur nemenda af verkefnavinnu er margþættur: dýrmæt reynsla, fagleg hagnýting menntunar sinnar, sanngjörn laun eru í boði og unnið er að því að nemendur fái frumrannsóknir metnar í þjóðfræðinámi sínu.